

Starfsáætlun íþróttá og tómstundanevndar fyrir 2016

Um verkefni íþróttá- og tómstundanevndar samkvæmt samþykktum

1. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd hefur umsjón með íþróttá-, forvarna- og tómstundamálum í umboði bæjarstjórnar Fljótshéraðs eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn Fljótshéraðs og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði íþróttá- og tómstunda- og forvarnamála Fljótshéraðs. Nefndin fylgist með því að stofnanir á hennar vegum vinni að settum reglum, veiti góða þjónustu og að starfsemi þeirra sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Helstu verkefni íþróttá- og tómstundanevndar eru:

1. stuðla að öflugum íþróttá- og tómstundastarfi á Fljótshéraði og hafa um það samstarf við aðila sem starfa á því sviði, m.a. með gerð sérstakra samstarfssamninga þar sem það á við,
2. vinna að því að auka þátttöku allra barna og unglinga í félags- og tómstundastarfi, 3. hafa eftirlit með starfsemi íþróttamannvirkja á vegum sveitarfélagsins og starfsemi félagsmiðstöðva barna og ungmenna,
4. fylgjast með starfsemi þeirra félaga er starfa að íþróttá- og tómstundamálum og njóta styrkja íþróttá- og tómstundanevndar,
5. að gera tillögur til bæjarstjórnar um staðarval og gerð nýrra mannvirkja sem ætluð eru til íþróttá- eða tómstundastarfs,
6. að líta eftir að til séu sem gleggstar upplýsingar um íþróttá- og tómstundamál á Fljótshéraði og að íbúar hafi upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er,
7. hafa umsjón með forvarnastefnu sveitarfélagsins og framkvæmd hennar.

4. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða á sviði íþróttá-, forvarna- og tómstundamála, eins og þau eru á hverjum tíma og að því marki sem lögin setja skyldur á herðar sveitarfélaga, m.a.:

1. íþróttalaga nr. 64/1998,
2. æskulýðslaga nr. 70/2008,
3. aðrar lagasetningar Alþingis sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

5. gr.

Íþróttá- og tómstundanevnd getur veitt styrki til verkefna innan málaflokksins. Skulu slíkar styrkveitingar skulu veittar í samræmi við reglur sem íþróttá- og tómstundanevnd semur þar um.

Helstu verkefni og áherslur ársins 2016

- Farið verður yfir stuðning sveitarfélagsins við íþróttá- og tómstundastarf, s.s. fjárveitingar og aðra aðkomu og leikreglur sem notaðar eru vegna ákvörðunar um stuðning við íþróttá- og tómstundastarf.
- Unnið verði að því að koma upp æfingaaðstöðu utanhúss, útiæfingasvæði, t.d. í Selskógi. Nefndin leggur jafnframt áherslu á að unnið verði með Selskóg sem fjölbreytilegt útivistarsvæði.

- Unnið verði að undirbúningi á gerð stefnu í málefnum íþróttta, en stefnuvinnan sjálf fari fram 2016.
- Áfram verði unnið að þróun starfseminnar og aðstöðu íþróttamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum, s.s. varðandi uppbyggingu fimleikahúss, starfsmannaaðstöðu og eignarhald á tækjum og búnaði til fimleika.
- Undirbúningsnefnd fyrir unglíngalandsmót 2017 komið á laggirnar.
- Settur var upp ratleikur í Selskógi – fyrir sumarið 2015, sem þarf að halda við og laga fyrir sumarið 2016.
- Styðja við viðburði sem koma Fljótsdalshéraði á kortið s.s. Tour de Ormurinn, Urriðavatnssund og Hreyfivika.
- Unnið verði að gerð æskulýðsstefnu fyrir sveitarfélagið byggða m.a. á æskulýðsstefnu Menntamálaráðuneytisins á landsvísu sem kemur út í haust. Gert er ráð fyrir að stefnan taki á málefnum forvarna, íþróttta, tómstunda og lýðræðis.
- Stofnuð hefur verið nefnd um framtíð golfstarfsemi á Héraði í samstarfi með Golfklúbbi Fljótsdalshéraðs.
- Fylgst verði með framgangi við endurnýjun gervigrasvallanna í sveitarfélaginu og unnið að því að skipta út fyllingarefni.
- Starfsemi Vegahússins verði tekin til endurskoðunar.
- Unnið verði að því að koma umhirðu minigolfvallarins við Miðvang á hendur sveitarfélagsins.
- Auglýstur verði ferðastyrkur til vinabæjarins Runavíkur vegna ferða íþróttafélaga þangað.

Samþykkt í íþróttta og tómstundanefnd 27. apríl 2016